

## M-64/2012 Álit 14. janúar 2013

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-64/2012:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna Y, hér eftir einnig nefndur seljandi.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Hinn 7. september sl., sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur móttækið beiðni þína um álit vegna kaupa þinna á þjónustu af Y. Áður en kæruneftndin gefur gagnaðila kost á því að andmæla kröfum þínum og málatilbúnaði óskar hún eftir því að fá frá þér frekari gögn og upplýsingar til samræmis við 2. gr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftndina, en þar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari gögnum sem fyrir hendi eru um kaup þín á þjónustu af Y, t.d. reikningar frá seljanda, bæði vegna verks í ágúst og eldra verks, gögn um tilboð seljanda í verkið, séu þau til.
- 2) Einhverjar frekari upplýsingar um samskipti þín við seljanda, t.d. tölvupóstsamskipti, séu slík samskipti til.
- 3) Upplýsingar um hvaða kröfur þú gerir á hendur seljanda.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 17. september n.k.“

Álitsbeiðandi svaraði bréfinu með tölvupósti hinn 17. september og náði svar hans eingöngu til hluta 1. liðar í bréfi kæruneftndarinnar til hans. Að mati kæruneftndarinnar nægja þær upplýsingar sem í svarinu voru ekki til að komast að niðurstöðu í málinu, t.a.m. væri nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um tilboð í umþrætt verk, en til þess er vísað í álitsbeiðni. Eins telur kæruneftndin að ekki sé hægt að ráða fyllilega af þeim gögnum sem borist hafa, hvaða verkhlutar áttu að falla undir eldra verk og hvaða verkþættir áttu að falla undir síðara verkið. Af þessu leiðir að kæruneftndin telur sér ekki fært að komast að niðurstöðu um hvort seljandi þjónustunnar hafi farið að lögum við framkvæmd verksins.

Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn og upplýsingar sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 17. september sl. og kæruneftndin hefur ítrekað í áliti þessu.

III  
Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir